

Fulltrúi Bæjarlistans leggur til að hafinn verði undirbúningur að ráðningu iðjuþjálfra í almennt skólastarf til grunnskóla Hafnarfjarðarbæjar.

Hafnarfjörður hefur sýnt mikinn metnað í að mæta ólíkum þörfum barna, meðal annars með samstarfi þvert á fagsvið bæjarins með tilkomu Brúarinnar. Skólar eru stórir og flóknir vinnustaðir og þeim ber að mæta hverju barni á grunni fyrirbyggjandi þarfa. Iðjuþjálfun myndi án nokkurs vafa auka faglega breidd í viðmóti skólanna og vera bæði nemendum, kennurum og öðru starfsfólki til stuðnings.

Pátttaka í skólaumhverfinu er talsverð áskorun, ekki síst fyrir börn með þroskaröskun, hreyfihömlun, ADHD, einhverfu eða geðrænan vanda á borð við kvíða. Viðbúið er að kvíði og skólaforðun aukist í kjölfar Covid tímabilsins sem nú er senn að baki.

Iðjuþjálfar vinna mikið með ólíka skynúrvinnslu barna sem magnast oft upp í skólaumhverfinu, auk þess að huga að bættum aðstæðum innan veggja skólanna til að draga úr álagi hvað þetta varðar. Slík aðlögun nýtist reyndar öllu skólasamfélaginu þar sem hollt umhverfi, lýsing, hljóðvist og þess háttar bætir umhverfi allra. Það væri mjög í anda stefnu Hafnarfjarðar sem heilsueflandi samfélags.

Fulltrúi Bæjarlistans telur að ráðning iðjuþjálfra til grunnskóla bæjarins, með hvaða hætti eða hraða sem það yrði innleitt, sé hagkvæm aðgerð þar sem hún myndi stuðla að bættri líðan bæði barna og starfsfólks og þar með minni þörf fyrir kostnaðarsöm inngrip. Fagþekking innan Mennta- og lýðheilsusviðs myndi eflast og þjónusta við bæjarbúa styrkjast, sem skilar sér í bættum lífshæðum Hafnfirðinga.

Birgir Örn Guðjónsson